

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 244/1992.

**Hilmar Viktorsson**

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

**Útgerðarfélagi Akureyringa hf.**

**vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf.**

(Ólafur Axelsson hrl.)

**og Símoni Ólasyni héraðsdómslögmanni  
til réttargæslu**

(Símon Ólason hdl.)

Greiðslustöðvun. Eignasala. Söluþóknun. Umboð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1992 að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 9. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 4.668.750 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr., sbr. 12. og 14. gr., laga nr. 25/1987 frá 16. október 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á hendur réttargæslustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, og hefur hann ekki sótt þing í máli þessu.

Áfrýjandi var ráðinn til aðstoðar réttargæslustefnda við störf hans sem aðstoðarmanns Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartíma, og skyldi hann svo sem réttargæslustefndi fá greitt fyrir störf sín tímavinnukaup. Réttargæslustefndi hefur borið fyrir héraðsdómi, að venjan hafi verið sú, að hann hafi gert reikninga fyrir vinnu þeirra beggja og þeir síðan gert upp sín í milli samkvæmt vinnuframlagi, og þannig hafi reikningurinn verið saminn, sem um er deilt í máli þessu.

Ósannað er af áfrýjanda hálfu, að honum og réttargæslustefnda hafi verið falið það sem sérverkefni að selja eignir félagsins.

Vegna ráðningarkjara sinna bar áfrýjanda að vekja athygli á því, að hann áskildi sér sölubókunum sem hundraðshluta af söluverði eigna félagsins, þegar til þess kom, að þær yrðu seldar, til þess að stjórn félagsins gæti tekið afstöðu til slíkrar kröfu fyrir fram. Þetta gerði áfrýjandi ekki, enda tryggði hann sér ekki ótvírætt umboð, sbr. 9. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, sem hann taldi sig þó bundinn af. Með vísan til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hilmar Viktorsson, greiði stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur bæjarþings Akureyrar 31. desember 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Guðmundur Óli Guðmundsson hdl., Grensásvegi 16, Reykjavík, höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 21. janúar 1991, fyrir hönd Hilmars Viktorssonar, kt. 120952-7499, Seiðakvísl 7, 110 Reykjavík, á hendur Péttri Bjarnasyni f. h. Útgerðarfélags Akureyringa hf., kt. 670269-4429, 600 Akureyri, vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., kt. 630169-6159, og Símoni Ólasyni hdl., kt. 210451-2779, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Stefnukröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., greiði stefnanda skuld, að fjárhæð 4.668.750 kr., auk dráttarvaxta frá 6. 10. 1990 til greiðsludags skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. og 12. gr. laganna, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og fram lögðum málskostnaðarreikningi, 534.317,93 kr. Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., gerir þær kröfur aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu, og hefur stefndi lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 644.358 kr.

Stefnandi lýsir kröfu sinni þannig:

Kröfutegund: reikningur. Greiðandi: Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Höfuðstóll: 4.668.750 kr. og eftirstöðvar sama. Útgefandi: Lögfræðistofan, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, vegna Hilmars Viktorssonar og Símonar Ólasonar. Útgefinn: Reykjavík 16. 10. 1990. Greiðsludagur: 16. 10. 1990.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru eftirfarandi:

Hann segir skuld þessa vera skv. reikningi nr. 324 og til komna vegna sölulauna stefnanda af sölu frystitogarans Aðalvíkur, KE-95, og hlutabréfa í Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf. til Útgerðarfélags Akureyringa hf., en stefnandi hafi annast milligöngu um þessar sökur f. h. Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Hafi söluverð skips verið 450.000.000 kr., en hlutabréf 75.000.000 kr. Sölulaun séu reiknuð 0,5% vegna skipsins, 2.250.000 kr., en 2% vegna hlutabréfa, 1.500.000 kr. Virðisaukaskattur af fjárhæðum þessum er 918.750 kr., alls 4.668.750 kr., sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Hraðfrystihús Keflavíkur hf. hafi verið sameinað Útgerðarfélagi Akureyringa hf. 21. 12. 1990 eftir frágang á sölum þessum fyrir milligöngu stefnanda, en forsenda sameiningarinnar hafi verið áður nefndir sölusamningar. Hafi skuld þessi ekki verið greidd þrátt fyrir tilmæli þar um, og sé því málsókn nauðsynleg.

Um lagarök vísast til almennra reglna kröfuréttar laga nr. 85/1936, III. kafla laga nr. 25/1987 og 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Stefnandi kveður Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf. í Keflavík hafa verið veitt greiðslustöðvunarheimild 20. 3. 1990, og hafi hann ásamt réttargæslustefnda, Símoni Ólasyni hdl., verið ráðinn aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartímabilinu. Hafi stefnandi og réttargæslustefndi fengið greitt fyrir þau störf sín skv. reikningum, en viðmiðun í því sambandi hafi verið tíma-gjald.

Stefnukrafa máls þessa byggist á reikningi vegna sölu á togara og hlutabréfum Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Það sérverkefni hafi stefnandi tekið að sér sem löggiltur fasteigna- og skipasali. Sú söluumsýsla hafi verið algjörlega óviðkomandi öðrum störfum stefnanda fyrir Hraðfrystihús Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartímabilinu, enda sé þóknun fyrir söluumsýslun af þessu tagi ætíð reiknuð sérstaklega. Sölulaun hafi verið reiknuð 0,5% af söluverði skipsins, en 2% af söluverði hlutabréfanna, en fasteigna- og skipasalar hafi leyfi til að reikna sér 2% söluþóknun, svo að sölulaun vegna skips í þessu tilfelli nemi 25% af heimildinni. Samkvæmt tveimur tilkynningum til Hlutafélagaskrár, dags. 10. 10. 1990 og 21. 12. 1990, sbr. dskj. nr. 3 og 4, hafi Hraðfrystihús Keflavíkur hf. verið sameinað Útgerðarfélagi Ak-

ureyringa hf., og hafi við sameininguna stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf., yfirtekið allar skuldbindingar Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. Sé því nauðsyn að stefna Útgerðarfélagi Akureyringa hf. til greiðslu kröfu þessarar. Með bréfi, dags. 22. 11. 1990, hafi stefnandi lýst kröfu sinni í bú Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., en innköllun hafi verið gefin út fyrir sameiningu félaganna.

Stefndi lýsir málsatvikum þannig:

Á fundi stjórnar Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. 16. 3. 1990 hafi verið samþykkt að leita eftir greiðslustöðvun fyrir félagið hjá skiptaráðanda og jafnframt fara þess á leit við réttargæslustefnda, Símon Ólason hdl., að hann yrði skipaður tilsjónarmaður á greiðslustöðvunartímanum. Hafi hún síðan verið veitt 20. s. m. Á stjórnarfundum 2. apríl s. á. var samþykkt að fá viðskiptafræðing til aðstoðar framkvæmdastjóra vegna greiðslustöðvunarinnar og vinna að rekstraráætlun á hugsanlegum möguleikum á áframhaldandi rekstri, sem meðal annars fælist í því að komast hjá sölu eigna. Samþykkt hafi verið að ráða stefnanda til þessa verks. Fljótlega hafi mál þróast þannig, að stefnandi fór að starfa náið með Símoni lögmanni, og í fundargerðum sé stefnandi kallaður aðstoðarmaður Símonar, án þess að gerð væri athugasemd þar um. Hafi síðan komið frá þeim sameiginlegir reikningar. Ýmsar leiðir hafi verið reyndar til bjargar félaginu, svo sem aukning hlutafjár, en án árangurs. Því hafi á fundi 31. 5. verið tekin ákvörðun um að bjóða eignir félagsins til sölu á frjálsum markaði og í framhaldi af því auglýst í Morgunblaðinu helgina 16.–17. júní 1990, þar sem allar eignir félagsins voru boðnar til sölu og upplýsingar veittar í síma 91-680222, sem sé sími Símonar lögmanns; enn fremur veittu nánari upplýsingar Símon, stefnandi og Ingólfur Falsson. Auglýsing þessi hafi verið greidd af stefnda. Réttargæslustefndi, Símon, mun hafa staðfest á þessu stigi málsins við þáverandi stjórnarformann Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., Gunnar Sveinsson, að ekki yrði um sérstakar greiðslur að ræða um sölu eignanna.

Fljótlega óskuðu nokkrir eftir viðræðum, m. a. stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. Á næstu þremur stjórnarfundum hafi málin verið rædd, og á fundi 10. júlí hafi þeim Símoni lögmanni og stefnanda verið falið að óska eftir föstu tilboði frá stefnda. Stefnandi hafi farið sama dag til Akureyrar með samþykki Ríkharðs Jónssonar stjórnarformanns og komið til baka með viljayfirlýsingu í formi óundirritaðs kaupsamnings um kaup á b/s Aðalvík, KE-95, og hlutafé félagsins. Allur útlagður kostnaður vegna þessarar farar hafi verið greiddur af félaginu. Hinn 31. júlí s. á. hafi síðan verið samþykkt að ganga til samninga við stefnda, Útgerðarfélag Akureyringa hf., og á stjórnarfundum 1. ágúst 1990 hafi Ríkharði Jónssyni verið falið að

fara til fundar við forráðamenn stefnda. Hafi það síðan leitt til þess, að 15. ágúst hafi verið undirritaðir hér á Akureyri samningar, sem unnir voru af Reyni Ólafssyni, viðskiptafræðingi og löggiltum skipasala og jafnframt stjórnarmanni í Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf., Björgólfi Jóhannssyni, löggiltum endurskoðanda, og Árna Pálssyni hdl. um kaup á skipi og hlutafé. Hafi verð skipsins verið 450.000.000 kr. og hlutabréfa 75.000.000 kr.

Um laun tilsjónarmanna í greiðslustöðvuninni hafi ekki verið samið sérstaklega, en starf sitt hafi þeir unnið í tímavinnu og framvísað eftirfarandi reikningum, sem greiddir hafa verið: reikningar nr. 3 og 294, að fjárhæð samtals 622.500 kr., greiddir 11. maí 1990, reikningur nr. 311, að fjárhæð 249.000 kr., greiddur 11. júlí 1990, reikningur nr. 315, að fjárhæð 3.112.500 kr., greiddur 17. ágúst 1990 og 20. sept. 1990. Samtals hafi þeim verið greiddar sameiginlega 3.200.000 kr. auk 784.000 kr. í virðisaukaskatt, svo og hafi stefnanda verið 4. 4. 1991 greiddar 475.000 kr. vegna reiknings nr. 19, dags. 22. 11. 1990. Taldi stjórn Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., að með greiðslum þessum væri um fullnaðaruppgjör að ræða, enda beri næstsíðasti reikningur það með sér. Hafi reikningarnir flestir verið gefnir út af Lögfræðistofnunni, Háaleitisbraut 85, Reykjavík, fyrir báða starfsmennina sameiginlega, án sundurliðunar. Um það leyti, sem samningar komust á um eignasöluna til stefnda, hafi komið fram hugmyndir tilsjónarmanna um sérstaka greiðslu, sem næmi ákveðnum hundraðshluta af söluverði. Hafi þessari hugmynd verið eindregið hafnað frá byrjun, fyrst af stjórnarformanni Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. og framkvæmdastjóra munnlega og síðan af stjórn félagsins á formlegum fundi, þegar fyrir lá reikningur sá, sem stefnt er út af í máli þessu.

Hinn 21. desember 1991 hafi Hraðfrystihús Keflavíkur hf. verið sameinað Útgerðarfélagi Akureyringa hf., sem nú sé stefndi í máli þessu eftir sameininguna.

---

#### *Álit dómsins.*

Það er álit dómsins, að ósönnuð sé sú staðhæfing stefnanda, að réttargæslustefndi, Símon Ólason hdl., hafi samið um það við Gunnar Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformann, að ekki yrði tekin full söluþóknun fyrir sölu eigna félagsins eða stefnanda og Símoni falið það sem sérverkefni og óviðkomandi störfum þeirra í greiðslustöðvun Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. að selja eignir félagsins. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu, að stefnandi leiði nokkurn rétt af samningum Símonar og Gunnars.

Eins og að framan er rakið, hafði Gunnar Ragnars, framkvæmdastjóri

stefnda, samband við Símon Ólason hdl., réttargæslustefnda, áður en eignir Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. voru auglýstar 17. 6. 1990, og lýsti áhuga á kaupunum, svo að sú staðhæfing, að auglýsingin hafi verið til að kanna viðbrögð markaðarins, þykir ekki ósennileg.

Á stjórnarfundinum 10. 7. 1990, þegar stefnanda og Símoni var falið að óska eftir föstu tilboði með fyrirvörum frá stefnda, hefðu stefnandi og Símon átt að gera stjórninni grein fyrir því, að þeir áskildu sér sérstaka þóknun fyrir starfann. Svo var ekki gert.

Við athugun á dskj. nr. 24 og 25, þ. e. a. s. óundirritaðri skjallegri niðurstöðu ferðar stefnanda til Akureyrar þennan sama dag, má fallast á, eins og Gunnar Ragnars bar hér fyrir dómi, að fráleitt hafi verið hægt að skrifa undir nokkra samninga, þar sem allar tölur voru meira og minna óklárar, og þó svo að stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf. væri full alvara að kaupa.

Fram er komið, að ýmsar tölulegar staðreyndir úr skjölum þessum voru notaðar af Reyni Ólafssyni við gerð lokasamnings, en ekki veitir það stefnanda neinn sérstakan rétt.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir þáttur stefnanda í máli þessu hafa verið hluti af eðlilegum starfsskyldum hans við Hraðfrystihús Keflavíkur hf. á greiðslustöðvunartímanum, og eigi hann ekki rétt á sérstakri þóknun fyrir þennan starfa sinn.

Einnig ber á það að líta, að samkvæmt gögnum málsins hefur stefnandi ekki heimild til þess að stunda fasteigna- og skipasölu samkvæmt lögum nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987.

Að öllu þessu virtu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa hf. vegna Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., er sýknaður af kröfum stefnda, Hilmars Viktorssonar. Málskostnaður fellur niður.

---